

- f) Óspakseyrarkirkjuvegur, af Strandavegi að Óspakseyrarkirkju.
- g) Hvítuhlíðarvegur, af Strandavegi að Hvítuhlíð.
- h) Krossárbakkavegur, af Krossárdalsvegi að Krossárbakka.

VIII. Bæjarhreppur:

- a) Heydalsvegur í Víkurdal af Strandavegi hjá Skálholtsvík að Heydal.
- b) Borgavegur, af Strandavegi að Borgum.
- c) Hrafnadalsvegur, af Strandavegi utan Ljótunnarstaða að Hrafnadal.
- d) Sviðuvegur, af Strandavegi hjá Bæ að Bakkaseli.
- e) Laxárdalsvegur, af Strandavegi við Laxá að Laxárdal.
- f) Kjörseyrarvegur, af Strandavegi að Kjörseyri.
- g) Grænumýrartunguvegur, af Norðurlandsvegi að Grænumýrartungu.
- h) Prestbakkakirkjuvegur, af Strandavegi að Prestbakkakirkju.
- i) Borðeyrarvegur, af Strandavegi að Borðeyrarskóla.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

10. marz 1972.

Nr. 64.

ERINDISBRÉF

fyrir matsmenn á æðardún.

1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, og æðardúnn, sem seldur er á innlendum markaði, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum.

2. gr.

Við gæðamat á hreinsuðum æðardún skal taka tillit til fjaðurmögnunar og lítar dúnsins og hversu mikið er í honum af kuski, öðrum óhreinindum og fjöðrum.

3. gr.

Til 1. flokks skal meta æðardún, sem er talinn úrvalsvara, laus við ryk og hvers konar óhreinindi og fjaðrir, eftir því sem við verður komið.

Aðeins 1. flokks æðardún má flytja úr landi.

Æðardún, sem matsmenn meta lélega eða skemmda vöru, má ekki hafa á boðstólum innanlands.

4. gr.

Æðardúnsmat tekur jafnt til æðardúns sem hrávöru og iðnaðarvöru.

5. gr.

Æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal vera í gegnsæjum umbúðum, pokum. Hver poki skal innsiglaður og merktur vöruheitinu: „Fyrsta flokks íslenzkur æðardúnn,“ eða tilsvarendi erlendu heiti. Þá skal tilgreina á umbúðunum þyngd æðardúnsins.

Við umbúnað æðardúnssendinga skal þess gætt, að þeim sé ekki óhóflega þjappað saman.

Dúnmatsmenn skulu hafa eftirlit með þökkun æðardúns.

Hverri æðardúnssendingu skal fylgja vottorð matsmanns um, að dúnninn sé metinn, og skal lögreglustjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatsmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

6. gr.

Matsmenn á æðardún skulu leggja stund á að verða sem færastir í starfi, og skulu þeir hafa samstarf um gæðakröfur.

Dúnmatsmenn mega ekki meta dún, sem er þeirra eign.

7. gr.

Kaup dúnmatsmanna skal vera almennt verkamannakaup greitt á matsstað, að viðbættum 50% fyrir hverja klukkustund, er þeir eru að starfi.

Ferðakostnaður matsmanna, auk kaupgreiðslu á ferðalögum, skal greiddur samkvæmt reikningi. Verði ágreiningur um greiðslu, úrskurðar landbúnaðarráðuneytið þann ágreining.

Kaup dúnmatsmanna greiða þeir, sem dúnninn er metinn fyrir.

8. gr.

Dúnmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheiti um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi og fylgja settum reglum, sem á hverjum tíma gilda um mat á æðardúni.

9. gr.

Brot á erindisbréfi þessu varða sektum.

10. gr.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 39 11. maí 1970, um gæðamat á æðardún, til að öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. marz 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Gunnlaugur E. Briem.